

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003.)

1. gr.

Nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr., svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar skv. umferðarlögum, sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahags-
svæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 64. gr. verður svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar skv. umferðarlögum, sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahags-
svæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

4. tölul. 2. mgr. 65. gr. verður svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar skv. umferðarlögum, sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahags-
svæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu og um nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau váttryggingafélög sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 26. gr. laganna við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla skilyrði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarps þessa er að löggesta ákvæði tilskipunar nr. 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 73/239/EBE og nr. 88/357/EBE (fjórða tilskipun um ökutækjatrýggingar). Tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 31. janúar 2001. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir að umsækjandi um starfsleyfi váttryggingafélags leggi fram staðfestingu á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatrýggingum á Íslandi sf. (ABÍ). Þá felur frumvarpið í sér, í samræmi við ákvæði nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), svonefnds Vaduz-samnings, að ákvæði tilskipana um ökutækjatrýggingar skuli einnig gilda gagnvart EFTA-ríkjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum og á það þannig við um Sviss.

Frumvarpið er lagt fram sem fylgifrumvarp með frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum, nr. 50/1987 (meðferð bótakrafna vegna tjóna erlendis). Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Samband íslenskra tryggingafélaga, Alþjóðlegar bifreiðatrýggingar á Íslandi sf. og Fjármálaeftirlitið.

Tilskipunin gerir ráð fyrir því að váttryggingafélagi sem tekur að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja sé skylt að tilnefna tjónsuppgjörfulltrúa í öllum öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins en því þar sem félagið hefur fengið starfsleyfi. Tilnefning tjónsuppgjörfulltrúa og stofnun tjónsuppgjörsaðila í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og EFTA-ríkjunum mun auðvelda tjónþola að reka bótakröfu vegna umferðaslyss í öðru aðildarríki, þar sem hann getur beint kröfu sinni að tjónsuppgjörfulltrúa váttryggingafélagsins í sínu heimalandi.

Tilskipunin gerir enn fremur ráð fyrir því að hvert aðildarríki komi á fót eða viðurkenni upplýsingamiðstöð sem á að aðstoða tjónþola við að afla upplýsinga um það ökutæki sem valdið hefur tjóni og hvernig váttryggingu þess er háttað. Einnig er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki komi á fót eða viðurkenni tjónsuppgjörsaðila sem ætlað er að annast greiðslur bóta til tjónþola sem fellur undir tilskipunina. Í frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum er að finna ný ákvæði, sem eiga að verða 94. gr. a og b., þar sem lagt er til að dómsmálaráðherra skuli viðurkenna tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð hér á landi. Í athugasemdum við það frumvarps kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að nýjum aðilum verði komið á fót í þessu skyni, heldur að ABÍ annist þetta hlutverk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr. laganna sem fjallar um það hvaða gögn skuli fylgja umsókn um starfsleyfi váttryggingafélags. Gerir ákvæðið ráð fyrir að leggja þurfi fram staðfestingu á aðild að ABÍ með umsókn um starfsleyfi váttryggingafélags. Ekki er hér um nýjung að ræða því öll váttryggingafélög sem taka að sér lögmæltar ökutækjatrýggingar hafa verið aðilar að ABÍ. Sú aðild byggðist í upphafi á samkomulagi váttryggingafélaganna og þátttöku þeirra í tilhöguninni um græna kortið en byggist nú á 3. gr. reglugerðar nr. 556/1993, um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Eðlilegt er að áskilnaður þessi komi fram í lögum um váttryggingastarfsemi ásamt öðrum skilyrðum fyrir starfsleyfi váttryggingafélaga.

Enn fremur er gert ráð fyrir staðfestingu váttryggingafélags á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum, sé sótt um starfsleyfi

skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr., þ.e. í greinaflokknum ábyrgðartryggingar ökutækja. Um tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð hefur lítillaga verið fjallað í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og vísast til þess og enn fremur frumvarps til breytinga á umferðarlögum, þar sem hlutverk þessara stofnana er skilgreint.

Að lokum er gert ráð fyrir að váttryggingafélag tilnefni tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Með tjónsuppgjörfulltrúa er átt við fulltrúa skv. 4. gr. tilskipunar nr. 2000/26/EB. Hlutverk tjónsuppgjörfulltrúa er að fara með kröfur og uppgjör vegna tjóna af völdum slysa sem hlotist hafa af notkun ökutækis sem váttryggt er í öðru aðildarríki EES-samningsins en því ríki þar sem tjónþoli er búsettur eða í ríki sem hefur gerst aðili að tilhöguninni um græna kortið ef ökutækið er að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki EES-samningsins.

Tjónsuppgjörfulltrúi skal vera búsettur eða hafa staðfestu í því aðildarríki sem hefur tilnefnt hann. Val váttryggingafélags á tjónsuppgjörfulltrúa er ákvörðun váttryggingafélags og er aðildarríki óheimilt að takmarka það val. Tjónsuppgjörfulltrúi skal hafa umboð til að koma fram fyrir hönd váttryggingafélags gagnvart tjónþolum og er honum heimilt að starfa fyrir fleiri en eitt váttryggingafélag. Hlutverk tjónsuppgjörfulltrúa er að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur vegna slysa og gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upp kröfur fyrir hönd váttryggingafélags og á kostnað þess, þar á meðal skaðabætur. Skal hann vera fær um að sinna starfi sínu á tungumáli þess aðildarríkis þar sem tjónþoli er búsettur. Tilnefning tjónsuppgjörfulltrúa kemur þó ekki í veg fyrir að tjónþoli eða váttryggingafélag hans geti beint kröfum sínum að tjónvaldi eða váttryggingafélagi hans.

Váttryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúi skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tjónþoli lagði fram bótakröfu sína, leggja fram annaðhvort rökstutt tilboð um bætur (sé bótaábyrgð viðurkennd og hafi tjónið verið metið) eða rökstutt svar við kröfu tjónþola (ef bótaábyrgð er hafnað eða tjónið hefur ekki verið gert endanlega upp). Enn fremur er gert ráð fyrir að vextir reiknist á fjárhæð bóta, hafi tilboð váttryggingafélags ekki verið lagt fram innan þriggja mánaða, sbr. 6. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Um vexti af skaðabótakröfum fer samkvæmt vaxtalögum og skaðabótalögum.

Tilnefning tjónsuppgjörfulltrúa felur ekki í sér opnun útibús, í skilningi b-liðar 1. gr. tilskipunar nr. 92/49/EBE, og tjónsuppgjörfulltrúi verður ekki talinn vera starfsstöð í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunar nr. 88/357/EBE.

Fjórða tilskipunin um ökutækjatrýggingar kveður ítarlega á um starfsemi tjónsuppgjörfulltrúa, tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðar. Nánar verður kveðið á um starfsemi þessara aðila í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Í almennu athugasemdunum var fjallað nánar um hlutverk tjónsuppgjörfulltrúans og vísast til þeirrar umfjöllunar að öðru leyti.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýr töluliður komi í stað 4. töluliðar 2. mgr. 64. gr. sem varðar stofnun útibús erlends váttryggingafélags hér á landi. Töluliðurinn er samhljóða nýjum 11. tölul. 21. gr., sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í 4. tölul. er nú þegar gert að skilyrði að félagið sé aðili að ABÍ, en lagt er til að því til viðbótar komi skilyrði um staðfestingu á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum, sé sótt um starfsleyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Enn fremur er gert að skilyrði að upplýst sé um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Vísast að öðru leyti til almennu athugasemdanna og til umfjöllunar um 1. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að nýr töluliður komi í stað 4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna sem fjallar um þjónustu erlends váttryggingafélags hér á landi án starfsstöðvar en með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu sem hlotið hefur starfsleyfi eftirlitsstjórnvalda. Í 4. tölul. er nú þegar gert að skilyrði að lögð sé fram staðfesting á aðild að ABÍ, þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Einnig er gert að skilyrði að lögð sé fram staðfesting á þátttöku félagsins í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöðvar með sama hætti og í 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. og 4. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna og það sama á við um upplýsingar um tjónsuppgjörfulltrúa í sérhverju aðildarríki EES-samningsins og EFTA. Tjónsuppgjörfulltrúi samkvæmt þessum tölulið þarf ekki að vera sá sami og fulltrúi sem vísað er til í lok töluliðarins og hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. og 5. mgr. 65. gr. Vísast að öðru leyti til almennu athugasemdanna og til umfjöllunar um 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er tekinn af allur vafi um það að þau váttryggingafélög sem þegar hafa hlotið starfsleyfi skv. 26. gr. laga um váttryggingastarfsemi verði að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að uppfylla hin nýju skilyrði frumvarps þessa verði það að lögum, þ.e. staðfesta þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsaðila og upplýsingamiðstöð stundi þau starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. auk þess að veita upplýsingar um tjónsuppgjörfulltrúa í öllum aðildarríkjum EES-samningsins og EFTA.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um
váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.**

Megintilgangur frumvarpsins er að lögfesta ákvæði tilskipunar nr. 2000/26/EB frá 16. maí 2000, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinni ökutækja og um breytinga á tilskipunum ráðsins nr. 73/239/EBE og nr. 88/357/EBE.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir rikissjóð.